


Nettengd Biblía fyrir börn
kynnir
Smaladrengrinn Davíð



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Lazarus
Aðlagað af: Ruth Klassen
Þýðandi: Þráinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org


BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2007 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.



Fyrir æva löngu síðan, á dögum Sáls, konungs Ísraela,
gættu Davíð og sjö bræður hans fjár föðurs síns.
Þótt hann væri yngstur, var Davíð bæði sterkur og
hugrakkur drengur, sem elskaði og trúði á Guð.
Hann átti heima í Betlehem.



Einu sinn kom ljón og rændi litlu lambi úr hjörðinni. Davíð réðst gegn urrandi ljóninu, bjargaði litla lambinu úr greipum þess, og drap ljónið. Davíð vissi að Guð hafði hjálpað honum.




Samúel, spámaður Drottins, var enn dapur yfir því að Sál konungur skyldi hafa brugðist Guði svo illa.

Drottinn ávitaði Samúel og sagði: "Hvað ætlar þú að vera lengi sorgmæddur Sáls vegna? Nú sendi ég þig til Ísaí, því að ég hef kjörið mér konung á meðal sona hans." Ísaí var faðir Davíðs.



Þó að Samúel vissi að Sál konungur mundi kannski drepa hann fyrir að leita að nýjum konungi, þá hlýddi spámaðurinn Guði.





Pegar Samúel kom til Betlehem, leiddi Ísaí sjö sona sinna fyrir Samúel. Og Samúel sagði við Ísaí, "Drottinn hefur ekki kjörið þá." Davíð, sá yngsti, var að gæta fjár. Þeir náðu í Davíð, og Drottinn sagði, "Stattu upp og smurðu hann, því þetta er sá hinn kjörni."



Pegar andi Drottins yfirgaf Sál, þá sturlaðist hann.

Þjónar Sáls héldu að góð tónlist mundi hafa góð

áhrif á hann. Einn þeirra
þekkti góðan hörpuleikara.


Hver heldur þú að

hörpuleikarinn hafi


verið? Jú, Davíð.




Hörpuleikur Davíðs hafði góð áhrif á Sál og hjálpaði honum að ná jafnvægi. Sál fór þess á leit við Ísaí að Davíð yrði um kyrrt í þjónustu konungs. Og þegar Sál fékk þunglyndis - eða hræðsluköst sín, spilaði Davíð fyrir hann á hörpuna. Þá leið honum betur.



Eftir að Davíð hafði farið heim til sín, lenti Sál í miklum bardaga við Filista. Bræður Davíðs börðust í hersveitum Sáls. Ísaí sendi Davíð til vígstöðvana með nesti handa bræðrum sínum og til að sjá hvernig þeim gengi.



Risastór Filisti, Golíat að nafni, hafði fyllt Ísraelsku
hermennina af hræðslu.




“Veljið ykkur mann, og sendið hann hingað til mín!”
hrópaði Golíat. “Sé hann fær um að berjast við mig
og fella mig, munum við gerast ykkar þrælar. En ef
ég felli hann, þá munuð þið verða okkar
þrælar og þjóna okkur.” Þegar Ísraelar


sáu risann,
skelfdust
þeir og flúðu.




Þá sagði Davíð við Sál, "Lát ekki hugfallast hans vegna, þjónn þinn mun fara og berjast við þennan Filista." Sál vildi að Davíð klæddist herklæðum sínum og sverði. Þess í stað tók Davíð slöngvu sína sér í hönd og fimm hála steina úr gilinu.




Golíat hló við er hann sá að hinn ungi Davíð var ekki einu sinni í herklæðum. "Ég mun gefa fuglum loftsans og dýrum merkurinnar hold þitt." hrópaði hann. Davíð svaraði honum og sagði. "Í dag mun Drottinn gefa þig í mínar hendur, því að bardaginn er Drottins!"



Þá hljóp Davíð beint í átt til Golíats. Á hlaupunum
slöngvði hann einum steininum beint í enni Golíats.
Goliat féll til jarðar!



Davíð var fljótur til, greip hið risastóra sverð
Golíats, og hjó af honum höfuðið. En þegar Filistar
sáu að Golíat var dauður, urðu þeir hræddir um líf
sitt, og lögðu á flóttu.



Sál konungi hafði gleymst að þetta var sá sami Davíð sem fyrrum hafði glatt hann með hörpuleik sínum.



Hann setti Davíð yfir her sinn - en fylltist öfund er Davíð var

heiðraður vegna sigra hans.

"Hvað skyldi hann nú ætla sér annað en völd mín?" hugsaði


Sál. Svo Sál hafði augun með Davíð upp frá

þessu.



Aftur, er þunglyndi sótti að Sál, reyndi Davíð að hugga hann með tónlist sinni. Þrisvar gerði Sál tilraun til að kasta spjóti sínu að Davíð. Davíð slapp undan í öll skiptin.

Sál óttaðist Davíð, því hann vissi að Drottinn var með honum, en hafði vikið frá Sál.



En Jónatan, sonur Sáls, þótti mjög vænt um Davíð sem væru þeir bræður. Hann varaði Davíð við og sagði, "Sál faðir minn ætlar að drepa þig,". Þá flúði Davíð. Kona hans setti brúðu í rúm hans, og hjálpaði Davíð að síga niður úr glugga um miðja nótt. Þegar menn Sáls komu að leita hans að morgni, var Davíð farinn.



Davíð varð að flýja langt í burtu undan Sál. En áður en hann flúði, gerðu Davíð og Jónatan með sér sáttmála. Þeir lofuðu hvor öðrum ævarandi vináttu.



Tregafullir, kvöddust vinirnir tveir. Davíð fór að leita sér staðar, þar sem hann gæti dvalið óhræddur, og falið sig fyrir hermönnum Sáls.



Smaladrengrinn Davíð

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,


er að finna í

Fyrri Samúelsbók 16-20

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130





19



60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífdar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

